

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 10. júní 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til lóðar 1-9 við Miðholt og felur í sér að nyrsti byggingarreitur færist 6 metrum sunnar og bil milli allra byggingarreita á lóðinni fer úr 16 metrum í 14,5 metra.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 18. júní 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 23. júní 2026